

Skinna



verkefnabók I

Skinna, verkefnabók I

ISBN 978-9979-0-2264-0

© 1996 Gísli Ásgeirsson og Pórður Helgason
© Aðrir höfundar texta eða ljóða
© 1995 teikningar, Halldór Baldursson
© 1995 teikningar við lesskilningsverkefni, Freydís Kristjánsdóttir

1. útgáfa 1995
2. prentun 1996
3. prentun 1997
4. prentun 1998
5. prentun 1999
6. prentun 2000
7. prentun 2001
8. prentun 2002
9. prentun 2003
10. prentun 2004
11. prentun 2005
12. prentun 2006
13. prentun 2007
14. prentun 2008
15. prentun 2009
16. prentun 2010
17. prentun 2011
18. prentun 2012
19. prentun 2013
20. prentun 2014
21. prentun 2015
22. prentun 2017

Menntamálastofnun
Kópavogi

Hönnun og umbrot: Námsgagnastofnun og Prenthönnun ehf.
Myndvinnsla: Prenthönnun ehf.
Prentun: Litróf – umhverfisvottuð prentsmaðja.

Öll réttindi áskilin.

Pessi bók má eigi afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun,
prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta til eða í
heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

Gísli Ásgeirsson
Þórður Helgason

Skinna



verkefnabók I

Efnisyfirlit

Svona er ég	3	Eintala og fleirtala nafnorða	25
Í ljóði leynist mynd	4	Hjálparorð (einn – margir)	26
Í heimakróki	5	Eintala og fleirtala	26
Bregðum á leik (Sækja hluti)	5	Krossgáta	27
Mánuðirnir	6	Í sveitinni (lesskilningur)	28
Stafrófsvísur	7	Kyn nafnorða	30
Stafrófið	7	Krossgáta	31
Nafnorð	9	Bregðum á leik (Hvísalleikur)	31
Orðarugl (nafnið þitt)	11	Flíkurnar mínar	32
Bregðum á leik (Skeytaleikur)	11	Löngum var ég ...	32
Kötturinn (lesskilningur)	12	Bregðum á leik (Bókstafaleikur)	33
Orðaleit (Snjólaug)	13	Afmælisveislan (lesskilningur)	34
Nafnorð	14	Karlkyn, kvenkyn og hvorugkyn	36
Bregðum á leik (Búmmleikur)	14	Samsett orð	36
Sérnöfn og samnöfn	15	Krossgáta	37
Hjálparorð (mín og minn)	16	Greinir nafnorða	38
Nafnorð (vísa)	16	Vaskur pissar (lesskilningur)	39
Krossgáta	17	Leikur með samsett orð	41
Í snjónum (lesskilningur)	18	Bregðum á leik (Að klappa taktinn)	42
Nafnorð (sérnöfn/samnöfn)	20	Krossgáta	43
Orðakeðjur	21	Handavinna (lesskilningur)	44
Orðasnákur	21	Föll nafnorða	46
Bregðum á leik (Kisa segir mjá)	21	Fallbeyging	47
Gissur í Botnum	22	Nafnorð (yfirlit)	49
Morgunstund (lesskilningur)	23		

Heimildaskrá

Guðmundur Ólafsson: *Emil og Skundi*. Vaka 1986
Guðmundur Ólafsson: *Emil, Skundi og Gústi*. Vaka - Helgafell 1990
Guðrún Helgadóttir: Í afahúsi. Iðunn 1976
Gyrðir Elíasson: *Tvö tungl*. Mál og Menning 1989
Jónas Hallgrímsson: *Ritsafn*. Helgafell 1971
Kristín Loftsdóttir: *Fugl í búri*. Vaka - Helgafell 1988

Kristín Steinsdóttir: *Fallin spýta*. Vaka - Helgafell 1989
Kristján Karlsson: *Íslenskt ljóðasafn*. Almenna bókafélagið 1978
Pétur Gunnarsson: *Punktur, punktur komma strik*. Punktar 1986
Stephan G. Stephansson: *Andvökur*. Nokkrir Íslendingar í Vesturheimi gáfu út, Reykjavík 1909
Þórarinn Eldjárn: *Óðfluga*. Forlagið 1991

Svona er ég

Þetta er verkefnabókin þín.
Hún er full af alls konar verkefnum handa þér.
Vandaðu þig við að leysa þau.

► Fyrst skaltu skrifa nafnið þitt hérna fyrir neðan.
Þú skalt líka segja svolítið frá þér.

Ég heiti _____

Ég á heima _____

Skólinn minn heitir _____

Kennarinn minn heitir _____

Foreldrar mínr heita _____

Ég á _____ systkini.

Ég á afmæli _____

Bestu vinir mínr eru

Hérna er mynd af mér.

Áhugamál mín eru



Svona er ég!

Í ljóði leynist mynd

Barnateikning


*Tvö börn í sólskini
og húskofi í rjóðri
jörðin er úr marsípan
og neðst í horninu
spor eftir drekafætur*

*Kanína kemur yfir
eina hæðina
og ætlar að festa rólu
upp í sólina*

*Þessi kanína
er nýbúin að vera
með hálsbólgu*

Gyrðir Elíasson

- Lestu ljóðið vandlega og reyndu að sjá fyrir þér myndina í því.
Teiknaðu svo þessa mynd í rammann.



Í heimakróki

Í sumum skólastofum hefur eitt hornið verið útbúið með púðum eða teppi þar sem allir í bekknum geta setið saman. Sums staðar hafa verið smíðaðir bekkir til að sitja á. Þetta kallast heimakrókur, púðahorn eða teppishorn. Parna má sitja og tala saman, hvíla sig í frímínútum, lesa upp sögur eða ljóð, flytja verkefni eða fara í leiki.

Skemmtilegast er í leikjum þegar allir eru með. Á það við um flesta leikina að því fleiri, sem eru með, því betra.



BREGÐUM Á LEIK

Sækja hluti

Þessi leikur útheimtir þokkalegt pláss. Stillt er upp fimm stólum fyrir framan áhorfendur. Í stólana setjast fimm þátttakendur. Stjórnandi stendur til hliðar. Hann ákveður hvað skal sækja. Hann gæti t. d. byrjað á að hrópa: Stílabók! Rjúka þá allir þátttakendur á fætur og sækja sér stílabók og koma með hana í sætið. Á meðan þeir sækja, fjarlægir stjórnandi einn stól. Þannig dettur einn úr í hverri umferð en þeir, sem eftir eru, fá alltaf erfiðari og erfiðari hluti til að sækja.

Sá vinnur sem er einn eftir.



Mánuðirnir

Byrjaðu á að athuga dagatal.

Mánaðavísan

*Ap., jún., sept., nóv., þrjátíu hver,
einn til hinir kjósa sér.*

*Febrúar tvenna fjörtán ber,
frekar einn, þá hlaupár er.*



- Skrifaðu mánuðina í réttri röð hér fyrir neðan.
Notaðu dagatalið til að styðjast við.
-
-
-
-

Í hvaða mánuðum er 31 dagur?

Hvaða mánuður er stystur?

Hvaða mánaðardagur er hlaupársdagur?

Hvaða mánuðir eru sumarmánuðir?


Stafrófsvísur

Skrifaðu þessar vísur í ritunarbókina þína.

Íslenskt stafróf

A Á B D, Ð E É
F G H I, Í J K.
L M N O, Ó og P
eiga þar að standa hjá.

R S T U, Ú V næst
X Y Ý, svo þ Æ Ö.
Íslenskt stafróf er hér læst
í erindi þessi skrítin tvö.



Pórarinn Eldjárn

Stafrófið

Regla er nauðsynleg.

Það auðveldar okkur t.d. að leita að ákveðnum orðum eða nöfnum ef þeim er raðað í stafrófsröð.

Í orðabókum er orðum raðað eftir stafrófsröð.

Það er auðvelt að finna nafn í símaskránni ef maður kann stafrófið.

Alltaf á að byrja á að fara eftir fyrsta stafnum í orðinu þegar raðað er eftir stafrófsröðinni.

Notaðu stafrófsvísurnar þér til hjálpar ef þú ert ekki viss.

Dæmi:

afi, bók, geit, húfa, pottur, skór, önd

Raðaðu þessum orðum eftir stafrófsröð:

barn, skóli, klukka, mjólk, hundur, ljós

barn

Á nafnalistum í skólanum er alltaf raðað eftir stafrófsröð.

Raðaðu þessum börnum í rétta röð:

Bjarni, Lilja, Hjalti, Margrét, Elva, Ásgeir, Stefán, Tinna

Athugaðu orðin hér á eftir:

bað, borð, búr

Eins og sjá má þá byrja þessi orð öll á sama staf. Þegar orðum, sem byrja á sama staf, er raðað í stafrófsröð þá á að raða þeim eftir öðrum stafnum í orðinu.

Þegar þú raðar orðum, þar sem fleiri orð en eitt byrja á sama staf, á að raða eftir öðrum staf í orðinu.

Raðaðu þessum orðum í stafrófsröð:

sól, sjór, sund, sigling, síli, sokkar, segl

Skaft, skepna, skíði, skór.

Hér eru fyrstu tveir stafirnir í öllum orðunum eins.

Þá er þeim raðað eftir þriðja stafnum.

Raðaðu eftirfarandi orðum í stafrófsröð:

gras, grænn, grjón, grár, grýla, Grettir

Hér eru nefndar fimm stúlkur. Þær heita:

Þórey, Þórunn, Þórhildur, Þórgunnur og Þórdís


Raðaðu nöfnum þeirra í stafrófsröð.

Hér eru nefndir fjórir menn. Þeir heita:

**Gunnar Gunnarsson, Gunnar Helgason,
Gunnar Þórðarson og Gunnar Árnason**

Eftir hverju á að fara við að raða þeim í stafrófsröð?
Skrifaðu nöfnin í rétta röð í línurnar.

Nafnorð




Öll orðin á merkimiðunum eru **nafnorð**.

Þau heita **nafnorð** af því að þau eru nöfn á ýmsu, s.s. hlutum, verum eða dýrum.

Hvaða fyrirbæri sérðu á þessari mynd?

- ▶ Skrifaðu heiti á öllu, sem þú sérð á myndinni, hér fyrir neðan.
Öll orðin, sem þú skrifar, eru nafnorð.




Hvað getur þú fundið mörg nafnorð yfir hluti í skólastofunni?

Þú finnur ýmsa hluti í skólatöskunni. Heiti þeirra eru nafnorð. Hver eru þá nafnorðin í töskunni?

Líttu út um gluggann. Hvað sérðu sem nota má nafnorð um?
Skrifaðu þau á línurnar.

Í hvaða fótum ertu í dag? Skrifaðu heiti þeirra á línurnar.



Orðarugl

- Skrifaðu nafnið þitt í rammann hér fyrir neðan.
Athugaðu hvað þú getur búið til mörg orð með
því að nota stafina úr nafninu.
Þeir sem heita löngum nöfnum geta sjálfsgagt fundið flest orð.
Þeir sem heita tveimur nöfnum mega nota þau bæði.
Hvað getur þú búið til mörg orð úr nafninu þínu?



Hvað fannstu mörg orð? _____

BREGÐUM Á LEIK

Skeytaleikur

Allir sitja í hrинг og haldast í hendur. Fyrst er að ákveða hver eigi að byrja að senda skeyti. Sá eða sú tilkynnir hver á að fá skeytið. Einn er valinn til að sitja í miðjunni og á hann að reyna að koma auga á skeytið á leiðinni. Skeytið er sent með því að kreista varlega hönd sessunautar til merkis um að hann eigi að kreista höndina á næsta manni. Ef sá í hrингnum sér hver kreistir bendir hann og skiptir þá um sæti við þann sem hann benti á.

Ef skeytið kemst á leiðarenda segir viðtakandi: „Skeyti móttekið.“ Síðan tilkynnir hann hver á að fá næsta skeyti og sendir það af stað.



Kötturinn



Veistu....

að heimiliskötturinn er eina dýrið af kattaætt sem tekist hefur að temja? Hann er ekki sjálfstæð dýrategund heldur beinn af komandi villikattarins. Kvendýrið kallast læða, karldýrið högni eða steggur og afkvæmið kettlingur.

Heimiliskötturinn er nákomnari manninum en flest önnur húsdýr. Hann er gæludýr og vegna þess hve þrifinn hann er fær hann að vera inni í stofu. En hann er ekki eins hændur að manninum og hundurinn því að kisi er sjálfstæður persónuleiki og vill ekki láta þvinga sig.

Margir álita að heimiliskötturinn hafi borist með landnámsmönnum til Íslands á 10. öld. Kötturinn er vinsælt gæludýr en stundum kemur fyrir að fólk hugsar ekki nógu vel um köttinn sinn og getur hann þá lent í reiðileysi og svelti. Kattavinafélagið var stofnað árið 1976.

Önnur dýr af kattaætt eru m.a. tígrisdýr, jagúar, ljón, blettatíkur, hlébarði og púma.

Undraveröld dýranna o.fl. heimildir

Hvað kallast karldýr kattarins? _____

Af hverju er kötturinn ekki jafn hændur að manninum og hundurinn? _____

Hvað er talið að kötturinn sé búinn að vera margar aldir á Íslandi? _____

Af hverju heldur þú að Kattavinafélagið hafi verið stofnað? _____

Hvernig myndir þú hugsa um kött ef þú ættir hann? Hvað gæfir þú honum að éta?

Teldu upp nokkur kattanöfn. _____

Hvaða nafn gæfir þú kettinum þínum? _____


Orðaleit

Hér fyrir neðan má sjá hvernig kvenmannsnafnið **Snjólaug** er ritað.

- Búðu til eins mörg orð og þú getur með því að nota stafina úr þessu nafni.

Þetta verða sennilega mjög mörg orð.

Þess vegna hefur verið gerður dálkur
fyrir hvern upphafsstaf í orði. Í fyrsta dálkinn koma
öll orðin sem byrja á s. Í næsta dálk-koma öll sem byrja á n o.s.frv.
Þannig er auðveldara að skipuleggja orðaleitina.




S n j ó l a u g

Hvað tókst þér að búa til mörg orð? _____

Nafnorð

Það er hægt að þekkja nafnorð á margan hátt.
Eitt einkenni þeirra má sjá í setningunum hér á eftir:

Ég sá kött úti á götu.
Ég sá köttinn minn úti á götu.



Í fyrri setningunni er verið að tala um einhvern kött.
Í seinni setningunni er búið að bæta stöfunum inn við orðið köttur.
Par er verið að tala um einhvern ákveðinn kött.
Pessi viðbót er nefnd **greinir**.
Greinirinn gerir orðið ákveðið.

Skoðaðu hvernig **greinirinn** bætist við þessi orð og gerir þau ákveðin.

maður	maðurinn	menn	mennirnir
kona	konan	konur	konurnar
barn	barnið	börn	börnin

► Bættu greini við þessi orð:

lækur	hús	hundar
hestur	blóm	kettir
kona	buxur	bækur
skál	skæri	diskur
kýr	taska	mús
börn	töskur	mýs

BREGÐUM Á LEIK

Búmmleikur

Í búmmleik þarf að kunna sjö sinnum töfluna. Allir sitja í hring. Sá sem byrjar segir **einn**, næsti **tveir** og þannig gengur runan áfram. En í staðinn fyrir þær tölur, sem sjö gengur upp í **og þær tölur sem enda eða byrja á sjö**, á að segja **BÚMM**. Sá sem ruglast er úr leik og þá er byrjað upp á nýtt. Sá sem er eftir, þegar allir aðrir hafa sprungið, er búmmmeistari!

Athugið að það er sérlega erfitt þegar komið er upp í 70 því að þá þarf að telja vel búminn upp að 80.



Sérnöfn og samnöfn

Sum nafnorð eru alltaf skrifuð með stórum staf.
Þau eru **sérnöfn**.



Önnur eru skrifuð með litlum staf og eru **samnöfn**.
Orðið Ísland er **sérnafn** af því að landið á sér þetta sérstaka heiti.
Páll er líka **sérnafn** af því að honum var gefið sérstakt nafn.
Skjóni er líka **sérnafn** af því að hestinum hefur verið gefið nafn.

- Hér er orðaruna sem hefur að geyma bæði sérnöfn og samnöfn.
Nú skalt þú strika undir **samnöfnin**.

fjörður, Ísafjörður, maður, Sigurður, kona, Ása, staður,
Staður, hestur, Sörli, fjall, Esja, kisa, Branda, hraun, Hraun

Af hverju geta sum orð ýmist verið sérnöfn eða samnöfn?

Hvað getur þú fundið mörg nöfn yfir hluti í herberginu þínu sem eru **samnöfn**?

Hvað finnur þú mörg sérnöfn (nöfn á lifandi verum eða fyrirbærum) heima hjá þér?

Í vísunni sem hér fer á eftir eru sex nafnorð feitletruð, tvö sérnöfn og fjögur samnöfn. Finndu þau.

*Runki fór í réttirnar
riðandi á honum Sokka.
Yfir holt og hæðirnar
hann létt klárinn brokka.*

Sérnöfn _____

Samnöfn _____

Í vísunni er eitt samnafn sem stundum er sérnafn. Það er oft notað sem bæjarnafn.

Hvert er það? _____

Hjálparorð


Þegar við bætum greini við orð þurfum við að vita hvort á að skrifa eitt eða tvö **n**.

Til þess að geta verið viss er gott að nota hjálparorð.

Það eru orðin **mín** eða **minn** sem segja okkur hvort sé **n** eða **nn** í orðinu. Ef við heyrum í-hljóð í hjálparorðinu vitum við að eitt **n** á að vera en ef i-hljóð heyrist þá á að vera **nn** í orðinu.

Dæmi: Bókin **mín** = bókin, drengurinn **minn** = drengurinn.

Það er líka hægt að muna að **minn** þýðir **nn** en **mín** þýðir **n**.



Nafnorð

Fjögur nafnorð í vísunni eru með greini.

*Kvölda tekur, sest er sól,
sveimar þoka um dalinn.
Komið er heim á kvíaból:
kýrnar, féð og smalinn.*

► Hvaða orð í vísunni eru með greini?

► Nú skaltu skrifa **n** eða **nn** í eyðurnar. Taktu eftir að hjálparorðin eru sett í sviga fyrir aftan hvert orð. Æfðu þig að nota hjálparorðin.

Drenguri _____ (minn) fór í sveiti _____ (mína) í vor. Hann kvaddi alla fjölskyldu _____ (mína) við áætlunar bíli _____ (minn) og amma gamla þurrkaði tári _____ (mín) af kinni _____ (minni). Á leiði _____ (minni) sá hann fjölda _____ (minn) allan af skepnum sem létu ysi _____ (minn) og þysi _____ (minn) af umferði _____ (minni) engin áhrif hafa á sig. Áætlunar bílli _____ (minn) stansaði við bæi _____ (minn) sem drenguri _____ (minn) ætlaði að dveljast á og bóndi _____ (minn) kom niður á veg með dráttarvéli _____ (mína) til að sækja nýja vinnumanni _____ (minn).



				Á fæti		Blóm

Í snjónum



Emil var einmitt að nugga snjó framan í eina bekkjarsystur sína þegar hann heyrði Gústa kalla ámálega á hjálp.

Hann leit upp og sá Gústa garminn umkringdan af sex stelpum sem beinlínis lögðust ofan á hann svo hann hneig niður undan farginu.

– Hjálp! kveinaði Gústi og hló þess á milli, því þær voru augljóslega að kitla hann.

– Hjálp!

– Hér kemur Súpermann! öskraði Emil og hljóp til þeirra. En þær gerðu sér lítið fyrir og snerust gegn honum allar sem ein og á svipstundu lá hann marflatur undir öllum hópnum með Gústa emjandi af hlátri við hliðina á sér.

– Súpermann! sagði ein stelpnanna hæðnislega. Heldurðu að við séum hræddar við svoleiðis fávita sem fer í nærbuxurnar sínar utan yfir síðbuxurnar!

Og svo hossuðu þær sér ofan á þeim.

En til allrar hamingju hringdi bjallan á þeirri stundu og forðaði köppunum frá því að kafna undan kvennafarginu.

– Þið skuluð svo ekki vera með neina stæla, sagði fyrirliði stelpnanna um leið og þau hlupu inn.

Guðmundur Ólafsson: Emil, Skundi og Gústi

► Lestu textann hér að ofan vel og vandlega og svaraðu svo spurningunum hér á eftir.

1) Hvað réðust margar stelpur á Gústa? _____

2) Af hverju hló Gústi svona mikið? _____

3) Hvað kallaði Emil þegar hann hljóp til stelpnanna? _____

4) Hvað gerðu stelpurnar við Emil? _____

5) Af hverju fannst einni stelpunni Súpermann vera fáviti? _____

► Til umhugsunar

- Finnst þér það sanngjarn sem stelpurnar gerðu við Emil?
Hvers vegna? Hvers vegna ekki?
- Hvað bendir til þess að Emil og Gústi séu vinir?
- Finnst þér það snjöll hugmynd hjá Emil að segjast vera Súpermann?

► Strikaðu undir rétt svar við hverri spurningu.

A) Hvað var Emil að gera þegar Gústi kallaði á hann?

- 1) Drekka kaffi og borða snúð.
- 2) Nugga snjó framan í stelpu.
- 3) Kasta snjókúlu í kennarann.

B) Hvað gerðu stelpurnar við Gústa og Emil?

- 1) Buðu þeim í bíó.
- 2) Kysstu þá.
- 3) Hossuðu sér ofan á þeim allar saman.

C) Af hverju hló Gústi svona mikið?

- 1) Stelpurnar voru að kitla hann.
- 2) Stelpurnar voru að segja honum brandara.
- 3) Stelpurnar voru að lesa fyrir hann úr Andrésemi önd.

D) Hvað forðaði þeim félögum frá því að kafna?

- 1) Stelpurnar blésu lofti upp í þá.
- 2) Bjallan hringdi og allir þurftu að fara inn.
- 3) Skólastjórinn kom og stillti til friðar.

► Finndu þrjú orð sem ríma við hvert orð hér fyrir neðan.

snjór: _____

bjalla: _____

hlær: _____

Skrifaðu sérnöfnin úr textanum hérrna á línum.

Hvað heitir rithöfundurinn sem skrifaði söguna um Emil og Skunda?

Hvaða fleiri bækur hefur hann skrifað? Þú gætir þurft að gá að þeim á bókasafninu.


Nafnorð

► Í eftirfarandi texta eru mörg nafnorð. Strikaðu undir þau.

Bílar aka á götunni. Fólk ið horfir í búðargluggana. Nú er vetur og það er snjór á gangstéttunum. Edda og Hjalti eru í gönguferð með hundinn sinn. Hann heitir Snati og er stór og loðinn.

Hvað fannstu mörg nafnorð? _____

Hvaða sérnöfn finnur þú í textanum?



Frá Þingvöllum

► Nöfn í landslagi köllum við örnefni. Þau eru öll sérnöfn. Hvaða örnefni í nágrenni við heimkynni þín þekkir þú? (Fjöll, eyjar, firðir, hverfi, bær o.s.frv.)

Orðakeðjur

Hægt er að búa til orðakeðjur með ýmsum hætti. Hér hefst keðjan á orðinu **veggur**. Síðan er næsta orð myndað með því að skipta um einn staf. Þannig lengist keðjan með því að ný orð eru mynduð með þessari aðferð.

veggur – leggur – lengur – langur – langar – gangar – gargar – garmar – harmar

► Búðu til tíu orða keðju sem hefst á orðinu **situr**.

situr

Orðasnákur

Fjallgönguleiðin leggiðrunniðurrarmarblettun....

Þessi snákur er búinn til úr fjölda orða þar sem eitt tekur við af öðru.



► Hvaða orð getur þú fundið í þessum snák? _____

Hvað fannst þú mörg orð? _____

Reyndu að búa til einn langan snák. _____

BREGÐUM Á LEIK

Kisa segir mjá

Allir sitja í hrинг. Einn stendur í miðjunni og hefur bundið fyrir augun. Eftir að búið er að binda fyrir augun er upplagt að nokkrir skipti um sæti til að rugla þann blinda eða þá að honum er snuíð í nokkra hrungi. Síðan á hann að setjast í kjöltu einhvers og spyrja: Hvað segir kisa? Þá á sá að mjálma en hinn blindi á að þekkja röddina. Ef rétt er getið til þá skipta þeir um hlutverk. Ef ekki reynir sá blindi aftur að þekkja einhvern annan.



Gissur í Botnum

Þú manst að nafn, sem einhverjum hefur verið gefið, kallast **sérnafn**.

Önnur sérheiti, svo sem nöfn í landslagi, eru líka **sérnöfn**.

Sérnöfn eru alltaf skrifuð með stórum staf.



Hér hafa verið skildar eftir eyður fyrir stóran og lítinn staf.

► Skrifaðu réttan staf í eyðurnar.

P/p

G/g

L/l

Gömul ____ jóðsaga segir frá ____ issuri sem bjó í ____ andssveit á bæ þeim

B/b

H/h

S/s

sem ____ otnar hétu og var í nágrenni ____ eklu. Hann fór dag einn síðla ____ umars

H/h

H/h

til veiða uppi á ____ eiði og hafði ____ est í togi. Heyrir hann þá skyndilega kallað

B/b

B/b

G/g

í ____ úrfelli og síðan svarað í ____ jólfelli og skilur ____ issur að þar eru á

S/s

S/s

ferðinni ____ ystur tvær sem ætla sér að hafa hann í ____ unnudagsmatinn.

F/f

T/t

Honum verður litið upp í ____ jöllin og sér þá að ____ röllkona ein ryðst niður

H/h

G/g

K/k

K/k

____ líðina. Verður ____ issur nú skelfingu lostinn og leggur á flótta yfir

M/m

K/k

____ erkurheiði og nær við illan leik að ____ irkjunni í ____ lofa og náðu

S/s

heimamenn að hringja klukkunum þar. Varð ____ kessunní svo bilt við að hún

T/t

lagði á flótta og sást síðast til hennar er hún stefndi í ____ röllkonugil. Fannst

hún þar sprungin nokkrum dögum síðar.

Morgunstund



Einn sunnudaginn höfðu Runólfur og Elva lofað krökkunum að fara með sér í ísbúðina og gera sér dagamun. Kitta vaknaði eldsnemma um morguninn. Hún hlakkaði mikið til. Að fá ísinn var ekkert svo spennandi því ís fékk hún oft, heldur það að vera með Elíasi og foreldrum hans. Það var alltaf eitthvað að gerast. Runólfur var reyndar alltaf að vinna svo hún sá hann ekki oft. En Kitta og Elva voru orðnar bestu vinkonur.

Þegar Kitta kom heim til Elíasar var pabbi hans ennþá sofandi.

„Komdu inn Kitta,” kallaði Elva þegar hún sá Kittu.

„Sestu hérla og borðaðu morgunmat með okkur.”

Hún stóð við eldavélina og eldaði hafragraut. Það var næstum alltaf hafragrautur í matinn hjá þeim. Hann var nefnilega svo ódýr. Elías hafði trúáð Kittu fyrir því að honum þætti hafragrautur vondur. Mamma hans mátti alls ekki vita það, því þá yrði hún bara leið. Kittu fannst hafragrautur góður. Það var aldrei neitt þannig í matinn hjá henni, bara eitthvað fint.

„Vektu pabba þinn, Elías,” skipaði Elva eins og herforingi.

Elías hljóp að svefnherberginu, og Kitta fylgdi rakleiðis á eftir. Þau vöktu Runólf með látum og hrópum.

„Hvaða, hvaða,” umlaði hann og nuddaði stíturnar úr augunum.

„Er kominn morgunn strax?”

„Já,” hrópuðu Kitta og Elías. „Þú varst búinn að lofa að fara með okkur í ísbúðina.”

Runólfur vaknaði nú alveg og reis upp við dogg.

„Hvað, ísbúðina?”

Hann greip í Kittu og Elías, þau skríktu og reyndu að forða sér út en án árangurs. Hann vafði þeim inn í sængina eins og rúllupylsum og bar þau þannig undir hendinni inn í eldhús. Þau öskruðu hátt.

„Ekki þessi læti,” sagði Elva stranglega. „Gígí á efri hæðinni verður alveg vitlaus.”

Hún hafði ekki fyrr sleppt orðinu en það var bankað á dyrnar. Krakkarnir steinþögnuðu.

„Róleg, róleg,” sagði Runólfur. „Ég skal sjá um þetta.” Þau heyrðu hann ganga inn í ganginn og opna.

Það var greinilega Gígí. Hún reifst og skammaðist með hárri, brostinni röddu. Runólfur talaði rólega. Þau heyrðu aðeins slitur af samræðunum.

„Auðvitað er þetta ó afsakanlegt, Gígí míni, ég gleymi mér bara stundum með börnunum, finnst ég vera strákur sjálfur, maður sér þau svo sjaldan.”

Kristín Loftsdóttir: Fugl í búri

► Hér vantar orð inn í textann. Finndu þau og skrifaðu þau inn í eyðurnar.

Einn _____ höfðu Runólfur og Elva lofað krökkunum að fara með sér í ísbúðina og gera sér dagamun. Kitta _____ eldsnemma um morguninn. Hún _____ mikið til. Að fá ísinn var ekkert svo spennandi því ís fékk hún oft, heldur það að vera með _____ og foreldrum hans. Það var alltaf eitthvað að gerast. Runólfur var reyndar alltaf að _____ svo hún sá hann ekki oft. En Kitta og Elva voru orðnar bestu vinkonur.

► Þegar þú hefur lesið söguna skaltu svara þessum spurningum.

1) Hvers konar persóna er Runólfur að þínu mati? Hvaða orð ætli lýsi honum best?

2) Hvað heita foreldrar Elíasar? _____

3) Hvað er í morgunmatinn heima hjá Elíasi? _____

4) Hvert var búið að ákveða að fara þennan dag? _____

5) Hvað gerði Runólfur þegar krakkarnir fóru að vekja hann? _____

6) Af hverju varð konan á efri hæðinni reið? _____

7) Finnst þér að konan á efri hæðinni hafi haft ástæðu til að vera reið?

Hvers vegna? Hvers vegna ekki?

8) Kittu finnst hafragrautur góður. Hvað borðar þú venjulega í morgunmat?

► Settu hring utan um þann bókstaf sem er fyrir framan rétta fullyrðingu.

Kitta hlakkaði mikið til um morguninn þegar átti að fara í ísbúðina.

- b) Henni fannst svo gaman að vera með Elíasi og foreldrum hans.
- s) Hún fékk næstum aldrei ís heima hjá sér.
- d) Hún ætlaði að vera í nýju fótunum sínum.

Það var næstum alltaf hafragrautur í matinn heima hjá Elíasi

- k) af því að Elíasi fannst hann svo góður.
- ú) af því að þetta var svo ódýr matur.
- h) af því að mamma hans kunni ekki að elda neitt annað.

Konan á efri hæðinni varð reið

- m) af því að Kitta var dónaleg við hana.
- ð) af því að það voru svo mikil læti í Runólf og krökkunum.
- p) af því að hún fékk ekki að fara með í búðina.

Skrifaðu stafina hérna á línuna. Þá kemur út orðið _____

Eintala og fleirtala nafnorða

► Athugaðu þennan texta.

Kennarinn situr á stól. Í stofunni eru margir stólar.
Á kennaraborðinu er bók. Börnin nota margar bækur.
Á veggnum hangir blað. Í bókunum eru mörg blöð.



Það heitir eintala þegar aðeins er einn, ein eða eitt af einhverju,
t.d. einn stóll, ein bók, eitt blað.

Það heitir fleirtala þegar meira er en einn, ein eða eitt af einhverju,
t.d. margir stólar, margar bækur, mörg blöð.



► Skoðaðu líka þessi dæmi:

eintala	fleirtala
einn hestur	margir hestar
ein gata	margar götur
eitt land	mörg lönd

► Finndu fleiri dæmi um eintölu og fleirtölu? _____

Hjálparorð

Við notum hjálparorð til að finna eintölu og fleirtölu. Hjálparorðin eru **einn**, **ein** eða **eitt** í eintölu og **margir**, **margar**, **mörg** í fleirtölu. Reyndu að nota hjálparorðin þegar þú leysir verkefnin hér á eftir.

► Hér eru orð í eintölu. Finndu fleirtölu þeirra.

eintala	fleirtala	eintala	fleirtala
ein <i>bók</i>	margar _____	ein <i>mynd</i>	margar _____
einn <i>kassi</i>	margir _____	eitt <i>blóm</i>	mörg _____
ein <i>hönd</i>	margar _____	eitt <i>ljós</i>	mörg _____
einn <i>steinn</i>	margir _____		

► Hér eru orð í fleirtölu. Finndu eintölu þeirra.

fleirtala	eintala	fleirtala	eintala
margar <i>stúlkur</i>	ein _____	margir <i>læknar</i>	einn _____
margar <i>tölur</i>	ein _____	mörg <i>borð</i>	eitt _____
margir <i>stafir</i>	einn _____	margar <i>systur</i>	ein _____
margir <i>lyklar</i>	einn _____		

Eintala og fleirtala

► Athugaðu eftirfarandi texta. Þar eru nafnorðin feitletruð. Þau eru ýmist í eintölu eða fleirtölu.

Hundarnir eltu köttinn en hann klifraði upp í tré. Þetta sáu nokkur **börn** og komu með **stiga** til að hjálpa **kisa** niður. **Mamma** gaf honum **mjólk** og **fisk** í **undirskál**.

Hvaða nafnorð eru í eintölu í textanum? _____

Hvaða nafnorð eru í fleirtölu í textanum? _____

	Belti í buxum						
Hróp			Fara á sjó á báti				
					Dýrið sem kísa veiðir		
	5						
Söngur							
6							
	Ílát til að drekka úr					Ekki fallega heldur ...	
	Tveir eins			Neðan á fætinum			Beltið í buxunum
	Duft sem kemur þegar sagað er		Til að renna sér á sleða þarf		Hljóð		
Á fótinn setur maður							
						- Hj	
Tvíhljóð			Veiðarfæri				
Skemmtun							



Í sveitinni



Hundarnir hétu Lappi og Loppa, svartir í hvítum sokkum og hvítt skyrtubrjóst. Þeir kunnu að heilsa, en voru ekki í stuði. Bröndóttur köttur svaf í oggolítilli sól undir hlöðuvegg: séra Brandur. Hann horfði á þá með viðbjóði og hélt svo áfram að sofa. Tveir heimalningar eltu þá út um allt en Andri var ekkert hræddur. Í fjósinu lágu beljurnar og jórtruðu eins og ráðherrar. Það átti að láta þær út á morgun ef veðrið yrði gott. Hænurnar spígsporuðu inn og út í fjósinu, „þær geta aldrei verið kjurar”, sagði Maggi. Inni í hlöðu lá guðdómlegur kálfur í miðri heystæðunni. „Fífill”, sagði Maggi og benti á kálfinn sem kinkaði kolli. Á stokknum lá hæna sem hafði orðið undir heyhlassi síðastliðið sumar og ekki komið í leitirnar fyrr en í gær, steindauð. „Þetta hafa þær upp úr því”, sagði Maggi, hann talaði í önugum nöldurtóni eins og miðaldra gamalmenni. Öðru hverju sagði hann Garðari bróður sínum sem var símasandi um ekki neitt að halda kjafti sem sagði honum að éta skít.

Pétur Gunnarsson: Punktur punktur komma strik.

► Hvaða orð vantar hérna inn í?

Bröndóttur _____ svaf í oggolítilli sól undir hlöðuvegg: séra Brandur. Hann horfði á þá með viðbjóði og hélt svo áfram að sofa. _____ heimalningar eltu þá út um allt en _____ var ekkert hræddur. Í fjósinu lágu _____ og jórtruðu eins og ráðherrar. Það átti að láta þær út á morgun ef _____ yrði gott.

Hvaða dýr eru nefnd í sögunni? _____

Hvað eru margir strákar nefndir í sögunni? Hvað heita þeir? _____

„Tveir heimalningar eltu þá út um allt”. Hvað eru heimalningar? _____

Í þessum kafla er sagt frá strák sem er að skoða sig um fyrsta daginn í sveitinni.

Getur þú séð hver strákanna það er? _____


Hvað heitir kötturinn í sögunni? _____

Það á bráðum að fara að láta kýrnar út í fyrsta sinn þetta vor.

Hvernig heldur þú að þær hagi sér þegar þær koma út? _____

Af hverju var hænan í sögunni dauð?


► Teiknaðu mynd úr sveitinni í rammann.



Kyn nafnorða

Athugaðu þessar setningar:

Stúlkan greip boltann.
Strákurinn teiknaði myndina.
Afi drakk lýsið.



Nafnorð eru ýmist karlkyns, kvenkyns eða hvorugkyns.

Strákurinn er karlkynsorð. Við segjum hann strákurinn.
Stúlkan er kvenkynsorð. Við segjum hún stúlkan.
Lýsið er hvorugkynsorð. Við segjum það lýsið.

Við notum hjálparorðin **hann**, **hún** og **það** til að finna í hvaða kyni orðin eru.
Kynin eru skammstöfuð **kk.**, **kvk.** og **hk.** Athugið að hafa ávallt punkt í þessum skammstöfunum.

Dæmi:

bíll er karlkyn
gata er kvenkyn
ryk er hvorugkyn

hann bíllinn
hún gatan
það rykið

► Líttu í kringum þig í skólastofunni þinni. Finndu eins mörg nafnorð og þú getur. Ekki nota nöfn bekkjarfélaganna. Flokkaðu orðin eftir kynjum. Hvert orð fer á sinn stað.

Karlkyn

Kvenkyn

Hvorugkyn

► Notaðu skammstafanirnar **kk.**, **kvk.** og **hk.**
Í hvaða kyni eru þessi orð?

hestur _____

hús _____

maður _____

skál _____

bátur _____

vagga _____

skrá _____

kennari _____

skóli _____

stofa _____

kjöt _____

lás _____


			Sá sem er oftast inni			
		Kven-selur		Ekki nætur heldur		
Dýr sem segir voff!						
Stúlkunafn					Innyfli	
						
Sigraði ekki						
		Klukkum				
		Gat				
Mjög hvass vindur				Err og emm		
Górilla						



BREGÐUM Á LEIK

Hvíslleikur

Allir sitja í hrинг. Ákveðið er hver á að byrja að hvísla. Sá hinn sami ákveður að hvísla orði eða setningu. Leikurinn snýst um það að láta orðið ganga á milli og athuga hvernig það breytist á leiðinni. Ekki má endurtaka ef einhver heyrir illa heldur verður hver og einn að segja það sem hann telur sig hafa heyrt.



Flikurnar mínar

► Í vísunni hér á eftir eru átta nafnorð yfir flíkur. Skiptu þeim eftir kynjum.

*Buxur, vesti, brók og skó,
bætta sokka nýta,
húfutetur, hásklút þó,
háleistana hvítá.*

Jónas Hallgrímsson



Karlkyn _____

Kvenkyn _____

Hvorugkyn _____

Teldu upp flíkurnar sem þú ert nú í og settu þær í rétt kyn:

Karlkyn _____

Kvenkyn _____

Hvorugkyn _____

Eru einhverjur kvenkyns hlutir í skólatöskunni þinni? _____

Löngum var ég ...

Öll nafnorðin í vísunni hér fyrir neðan eru í karlkyni nema eitt sem er í kvenkyni.

*Löngum var ég læknir minn,
lögfræðingur, prestur,
smiður, kóngur, kennarinn,
kerra, plögur, hestur.*

Stephan G. Stephansson

Hvaða nafnorð er í kvenkyni? _____

Hvað eru mörg nafnorð í vísunni? _____

BREGÐUM Á LEIK



Bókstafaleikur

Í byrjun leiks er beknum skipt í 4–6 hópa. Þá er ákveðinn sá upphafsstafur sem allir eiga að ganga út frá. Hver hópur reynir að fylla í alla reiti á sínu blaði og láta hvert nafn eða heiti byrja á upphafsstafnum. Við lok leiks bera hóparnir saman niðurstöður sínar í hverjum reit. Séu fleiri en einn hópur með sama nafn, fá þeir 1 stig. Sá hópur sem er einn með sitt nafn, fær 5 stig.

Athugið að það getur skipt máli að leita að sjaldgæfasta nafninu hverju sinni. Fyrir yngri börn er rétt að taka fram að eingöngu má nota íslensk nöfn. Fyrir eldri börn má leyfa erlend nöfn, dýra- og staðaheiti ef vill. Hver kennari hefur möguleika að laga leikinn að sínum bekk.

Upphafsstafurinn er:	Stig
Stelpunafn	
Strákanafn	
Grænmeti	
Flík	
Land	
Foss	
Íþrótt	
Íþróttafélag	
Hljóðfæri	
Fiskur	
Fugl	
Dýr	
Blóm	
Ávöxtur	

Afmælisveislan



Tóta tók ekkert mjög vel eftir því sem kennarinn sagði þennan dag. Hún gat varla beðið eftir að skólanum lyki, svo að hún kæmist heim til að elda afmælismatinn. Það fór ekki fram hjá kennaranum, að Tóta var eitthvað annars hvor. Hún, sem alltaf fylgdist svo vel með, horfði núna eitthvað út í loftið.

Kennarinn var að segja börnunum sögu af Jesú. Hann var að segja þeim söguna af því, þegar Jesús gat mettað hungur fjöldans með tveim brauðum. En Tóta var að hugsa um aðra og flóknari máltið. Hún og Dísa höfðu leitað að uppskriftum í matreiðslubókinni hennar mömmu og loks ákveðið að nota eina sem þeim leist vel á. Tóta ákvað að læra uppskriftina utan að, það var miklu þægilegra þegar að eldamennskunni kæmi. Og það var hún, sem hún var að rifja upp, þegar kennarinn sneri sér að henni.

Tóta, hvað gaf frelsarinn fólkini að borða?

Tóta hrökk við.

Hálfa teskeið af pipar. Tóta hafði sagt þetta áður en hún náði að hugsa.

Krakkarnir veltust um af hlátri og vesalings Tóta varð eins og eldhnöttur í framan.

Kennarinn starði á Tótum.

Er eitthvað að þér, Tóta míð? spurði hann vingjarnlega.

Nei, nei, sagði Tóta. Mamma á bara afmæli.

Og krakkarnir hlógu ennþá meira.

Og mamma hennar Tótum er sko piparkelling, sagði Baldur, sem alltaf var að segja brandara. Hún borðar alltaf hálfa teskeið af pipar á dag.

Krakkarnir hlógu.

Kennarinn skipaði þeim að hafa hljóð í beknum. Hann spurði Tótum aftur að því, með hverju frelsarinn hefði satt hungur fólksins, og nú svaraði Tóta eins og til var ætlast. Tveim brauðum.

Vonandi ekki úr Alþýðubrauðgerðinni, sagði Baldur. Þá hefðu allir gubbað.

Krakkarnir flissuðu og kennarinn náði einhvern veginn ekki tökum á þeim. Það var eins og óvenjulegt háttalag Tótum hefði sett allt úr skorðum. Kennarinn ákvað að hleypa þeim út.

Í frímínútunum spurði hann Tótum nánar um afmælið. Tóta sagði honum frá fyrirhugaðri veislu, og kennarinn sagði að hún mætti fara ofurlítið fyrr heim þennan dag. Hann var svo ágætur kennari, hann Ólafur. Sumir krakkarnir sögðu að hann væri besti kennarinn í skólanum, og Tótum fannst það meira en trúlegt.

Það er samt ekki víst, hugsaði Tóta. Við þekkjum ekki alla hina.

Guðrún Helgadóttir: Í afahúsi

„Tóta varð eins og eldhnöttur í framan.“
Hvernig getur þú lýst þessu með öðrum orðum?

► Bættu í eyðurnar þeim orðum sem við eiga. Þú finnur þau í textanum.

Tóta tók ekkert mjög vel eftir því sem _____ sagði þennan dag. Hún gat varla beðið eftir að skólanum lyki, svo að hún kæmist _____ til að elda afmælismatinn. Það fór ekki fram hjá _____ að Tóta var eitthvað annars hugar. Hún, sem alltaf _____ svo vel með, horfði núna eitthvað út í loftið.

► Sérnöfn eru skrifuð með stórum staf. Finndu öll sérnöfnin í textanum á bls 34 og skrifaðu þau á línumnar. _____

► Lestu fullyrðingarnar hér fyrir neðan. Settu hring utan um þann bókstaf sem er fyrir framan rétta fullyrðingu.

Tóta var annars hugar

- a) vegna atviks sem henti í frímínútunum
- s) vegna þess að hún var að rifja upp uppskriftina að afmælismáltíðinni
- l) af því að henni leiddist í skólanum.

Krakkarnir veltust um af hlátri

- a) af því að Tóta svaraði alveg út í hött
- r) þegar kennarinn sagði brandarann
- i) þegar Tóta sagði brandarann.

Kennarinn náði ekki tökum á krökkunum

- d) vegna þess að Tóta hafði truflað kennsluna
- l) vegna þess að óvenjuleg hegðun Tótu hafði sett allt úr skorðum
- f) vegna þess að þau voru orðin þreytt.

Tóta taldi það ekki víst að Ólafur væri besti kennarinn í skólanum

- k) vegna þess að hann var stundum óþarflega strangur
- t) vegna þess að hún og krakkarnir þekktu ekki alla hina kennarana
- o) vegna þess að hann vildi ekki leyfa henni að fara fyrr heim að undirbúa veisluna.

Bókstafirnir, sem þú settir hring utan um, eru: _____

► Þá er komið að þér að halda afmælisveislu fyrir einhvern sem þér þykir vænt um.

Segðu frá því hvernig þú ætlar að hafa veisluna. _____

Þú þarfst að kaupa inn fyrir veisluna. Skrifaðu það sem þú ætlar að kaupa.

Karlkyn, kvenkyn og hvorugkyn

Hér eru þrjár setningar. Í einni þeirra eru aðeins nafnorð í karlkyni, önnur hefur aðeins nafnorð í kvenkyni og sú þriðja hefur bara hvorugkynsnafnorð.

1. Bíllinn ók á staurinn og ökumaðurinn slasaðist.
2. Konan leiddi stúlkuna yfir götuna.
3. Barnið tíndi blóm og setti þau í vatnsglas.

Karlkynssetningin er nr. _____

Kvenkynssetningin er nr. _____

Hvorugkynssetningin er nr. _____



Samsett orð

Vaðlaheiðarvegavinnuverkfærageymsluskúr

Þetta er ljóta orðið.
Sumir segja að þetta sé lengsta orð í heimi.
Það er líka búið til úr nokkrum orðum.

Vaðlaheiði + vegavinna + verkfæri + geymsluskúr


Svo bætist það við að orðin fjögur eru öll búin til úr tveimur orðum hvert, t.d. geymsla + skúr.

Nú skulum við æfa okkur að búa til samsett orð.

mark + maður
hús + þak
ís + skápur
kennari + borð

bók + hillar
penni + veski
kaffi + kanna
hestur + hús

bíll + stjóri,
blóm + vasi
popp + korn
fótur + bolti



Úr hvaða orðum eru þessi orð **samsett**?

Skólataska _____

Lyklakippa _____

Sögubók _____

Fótbolti _____

Jólamatatur _____

Afmælisgjöf _____

Súkkulaðikaka _____

Margt smátt gerir eitt stórt.

Ef mörg stutt orð eru sett saman verður úr þeim eitt langt orð.

Reyndu nú að búa til langt orð. Það verður að vera alvöruorð.

Svo getið þið athugað hver finnur lengsta orðið.

Orðið sem ég fann er _____

Lengsta orðið í bekknum er _____



	Hleypa af byssu		Léleg föt	Sá sem bakar ↓	
Vinna					
Segja me		Fyrstur	- ká -	Tala	
		Bor (þf)			
Eyjar		Flýtir			
Slanga					


Greinir nafnorða

Á bls. 14 skoðuðum við hvernig greinir bætist við orð. Orðið verður ákveðið þegar greinirinn bætist við það.

Dæmi: Parna er bíll.
Þetta er bíllinn minn.

Í fyrri setningunni er talað um einhvern bíl.
Í seinni setningunni er talað um alveg ákveðinn bíl.

Athugum aðeins þessar setningar.



Án greinis

Markmaður stendur í marki.
Dómari kallar á leikmanni.
Einn áhorfandi öskrar.
Bolti liggar í grasi.

Með greini

Markmaðurinn stendur í markinu.
Dómarinn kallar á leikmanninn.
Einn áhorfandinn öskrar.
Boltinn liggar í grasinu.

Í seinni dálkinum er búið að bæta **greini** við nafnorðin.

► Strikaðu undir það sem búið er að bæta við.
Þessi viðbót kallast **greinir**. Greinirinn gerir orðið **ákveðið**.

Í A-dálkinum hér fyrir neðan eru nokkur orðasambönd.

► Skrifaðu þau í B-dálkinn með greini.

A

Hundur og köttur. Hundurinn og kötturinn.

Jakki og skyrta. _____

Sokkur og húfa. _____

Vesti og bindi. _____

Kjöt og fiskur. _____

Hnífur og gaffall. _____

Faðir og sonur. _____

Móðir og dóttir. _____

Skyr og rjómi. _____

Sjón og heyrn. _____

Gleði og sorg. _____

B

Vaskur pissar



Alli var að enda við að borða þegar hann kom. Vaskur var í eldhúsinu hjá eiganda sínum og nartaði áhugalaus í hundamat sem lá fyrir framan hann á diskí.

– Hvernig gengur með hann? spurði Emil.

– Hann ýlfraði og kveinaði í alla nótt, greyið, svaraði Alli. Hann hefur sennilega saknað mömmu sinnar.

Á endanum leyfði ég honum að koma uppí til míni og þá róaðist hann fljótlega.

– Hann hefur verið einmana, sagði Emil. Varstu leiður, skinnið? sagði hann við Vask og klóraði honum bak við eyrað.

– Vaskur lét í ljós ánægju sína yfir atlotunum með því að aka sér öllum og væla lágt. Skyndilega hætti hann að hreyfa sig og sprændi á gólfíð.

– Alli! Hann er að pissa! hrópaði Emil.

– Nei, hvað ertu að gera, Vaskur, æpti Alli. Þetta er í þriðja sinn. Bara í dag. Skammstu þín!

– En Vaskur skammaðist sín augsýnilega ekkert. Hann sat á rassimum og dinglaði rófunni og horfði með velþóknun á pollinn sem nú hafði myndast á gólfinu við ísskápinn.

– Hann pissar allsstaðar, sagði Alli miður sín. Inni í stofu í gærkveldi og svo á gardínurnar í herberginu mínu. Mamma varð alveg óð.

– Afi segir að maður eigi að nudda trýninu á þeim uppúr pissinu, sagði Emil. Þá hætta þeir þessu fljótlega.

– Ertu vitlaus maður! Heldurðu að það þýði eitthvað að nudda trýninu upp úr hlandinu! Þú ert nú eitthvað skrýtinn!

Guðmundur Ólafsson: *Emil og Skundi*

► Fylltu í eyðurnar með orðunum sem vantar.

Alli var að enda við að _____ þegar hann kom. Vaskur var í eldhúsinu hjá _____ sínum og nartaði áhugalaus í hundamat sem lá fyrir framan hann á diskí.

► Hvernig gengur með hann? spurði Emil.

Hann ýlfraði og _____ í alla nótt, greyið, svaraði Alli. Hann hefur sennilega saknað _____ sinnar. Á endanum leyfði ég honum að koma uppí til míni og þá róaðist hann _____

► Lestu textann um Vask á bls. 39 og svaraðu þessum spurningum:

Hvað var Vaskur að gera þegar Emil kom í heimsókn? _____

Hvernig fór Alli að því að róa Vask um nóttina?

Hvað er það í sögunni sem segir okkur að Alla hafi þótt vænt um Vask?

Hvað gerði Vaskur sem hann mátti ekki? Hvað finnst þér um það sem Vaskur gerði?

Af hverju varð mamma hans Alla alveg óð? _____

Hvaða ráð hafði Emil lært hjá afa sínum? Heldur þú að það sé gott ráð?

Hvers vegna? Hvers vegna ekki?

Hvaða setningar eru réttar? Gerðu hring utan um stafina sem eru fyrir framan þær setningar sem eru réttar og skrifaðu stafina á línurnar. Þá kemur út orð.



- K) Vaskur pissaði á ísskápinn.
- H) Vaskur pissaði á gólfíð.
- S) Alli átti kött og páfagauk.
- U) Vaskur var mjög órólegur um nóttina.
- N) Emil ráðlagði Alla að nudda trýninu á honum upp úr hlandinu.
- P) Mömmu Alla var alveg sama þó að Vaskur pissaði alls staðar.
- L) Emil er dauðhræddur við Vask.
- D) Emil klóraði Vaski á bak við eyrað.
- S) Vaskur er grimmur og bítur fólk í hnén.
- U) Þetta var í þriðja sinn sem Vaskur pissaði þennan dag.
- R) Vaskur skammaðist sín ekki neitt.

Orðið er: _____

Leikur með samsett orð

► Hvað finnur þú mörg orð sem byrja á skóla.....?

skóla



Hvað finnur þú mörg orð sem byrja á leik.....?

leik

Hvað finnur þú mörg orð sem byrja á sund.....?

sund

► Búðu til ný orð.

hús	pak	kaffi	kanna
hæna	haus	garður	slanga
umferð	gata	rúm	dallur
slor	bíll	grautur	dúkka

Til dæmis dúkkurúm, slorbíll.

Hvað gætu nýju orðin þýtt? _____

Jákvæð og neikvæð orð.

sól	sólbruni
kisi	kattarhlandslykt
matur	matareitrun

Bættu við listana eins og þú getur.

Geturðu fundið löng orð sem eru sett saman úr þremur orðum?

Dæmi: myndasögublað, teiknimyndasaga

Er hægt að finna orð sem er sett saman úr fjórum orðum?

Dæmi: útidyralykklakippa.

BREGÐUM Á LEIK

Að klappa taktinn*

Allir sitja saman og mynda hring. Einn er valinn til að fara fram á gang. Kennari ákveður með bendingu hver á að byrja að stjórna taktinum. Síðan klappa allir til að gefa þeim, sem frammi er, merki um að nú megi hann koma inn fyrir.

Pegar hann kemur inn sitja allir og klappa. Með jöfnu millibili breytir stjórnandinn um hreyfingar og allir herma eftir án þess að gera það áberandi hver það er sem er að stjórn. Sá sem var frammi á að reyna að sjá hver það er sem stjórnar taktinum. En stjórnandinn reynir að vera klókur og koma ekki upp um sig. Ef ekki tekst að finna stjórnandann með þremur ágiskunum er nýr valinn til að fara fram. Ef stjórnandinn finnst fer hann fram og nýr stjórnandi er valinn.



*Athugið að það getur verið gott að fara yfir það í upphafi hversu mörg hljóð er hægt að búa til með slætti á ýmsa hluta líkamans.



					Hljóð í hana
		Blóm	Mörg beltí		
Smá-peningur					
Hátíð í desember					
Talar					Meiðsli sem blæðir úr
Drapst			Fremst á fætinum Tauta óskýrt		
	Hlaðinn veggur			Tvíhljóð	
Mamma mömmu minnar					Friður
Það sem kúluvarparar kasta					
Ekki koma heldur					

Handavinna



Á laugardagseftirmiðdögum var handavinna. Stelpurnar fóru í sauma en strákarnir í smíðar.

Kennslukonan í saumum hét Aðalbjörg, lítil kona og þybbin en eldsnögg í hreyfingum. Bekkurinn hafði allt haustið verið að gera prufu sem var skylda. Ef prufan yrði einhvern tíma búin mátti prjóna klukkuprjónstrefil. Prufurnar höfðu upphaflega verið hvítar pjötlur en voru nú flestar orðnar gráar, brúnar eða næustum svartar af skít. Með prufu átti að læra að stoppa, falda, gera aftursting – kontórsting og lykkuspor, festa tölur og margt fleira sem álitið var nauðsynlegt að stúlkur kynnu.

Rikka var ekki dugleg í handavinnu, það var rétt hjá Kötu og Möggu. En hvern langaði líka til að sauma prufu. Engan.... Ekki einu sinni duglegustu stelpurnar.

Aðalbjörg lofaði þeim að hlusta á útvarp ef allt gekk vel. Því miður kom oft fyrir að hún þurfti að slökkva á útvarpinu, sérstaklega út af Rikku.

Þennan dag sat Rikka eins og ævinlega uppi á borði. Hún sagðist ekki geta saumað nema uppi á borði. Aðalbjörg lét það gott heita fyrst hún sat kyrr. Rikka horfði dreymin út um gluggann á ána í klakaböndum. Hún sat með grútskítuga prufuna í fanginu. Í útvarpinu var þátturinn Óskalög sjúklinga og Haukur Morthens að syngja. Til eru fræ.

„Á nú ekkert að sauma í dag?“ spurði Aðalbjörg hvöss.

„Sérðu litina þegar sólin skín á klakann? Sérðu, hann er grænn og blár....“ Rikka var uppnumin.

„Já, og ég sé líka þessa prufu sem þú klárar aldrei.“ Aðalbjörg var enn hvassari. „Ég var búin að sýna þér hvernig að stoppa í síðasta tíma og þú hefur ekkert gert heima.“

„Ha, stoppa?“ hváði Rikka.

„Og talan, hvar er hún? Þú varst búin að festa hana á um daginn. Hvar er hún?“

„Það var svo skrýtið með þessa tölu, hún var bara allt í einu horfin,“ staðhæfði Rikka.

„Allt í einu horfin... ónei góða, við festum hana vel og vandlega.... Því segi ég það...“ stundi Aðalbjörg og slökkti á útvarpinu.

Róbertínó var nýbyrjaður að syngja Ó sóle míó og Lilla reiddist. Hún sat og saumaði aftursting í prufuna sína sem var ennþá næustum hvít.

„Mér finnst að það eigi ekki að slökkva á útvarpinu þótt Rikka hafi týnt tölunni,“ sagði hún ákveðin.

Átta höfuð litu upp úr prufunum og góndu á Lillu. Hún mótmælti kennaranum!

Kristín Steinsdóttir: Fallin spýta

► Lestu söguna og svaraðu spurningunum síðan með heilum setningum.

Hvað ætli krakkarnir hafi verið marga daga vikunnar í skólanum? _____

Hvað voru stelpurnar að búa til í tímanum og hvaða gagn átti það að gera?

Hvað var Rikka að gera í tímanum? _____

Hvað fannst Aðalbjörgu um frammistöðu Rikku? _____

Hvaða dægurlagasöngvarar eru nefndir í sögunni?

Af hverju slökkti Aðalbjörg á útvarkinu?


Lilla reiddist þegar slökkt var á útvarkinu. Finnst þér að hún hafi haft á réttu að standa? Eða var þetta rétt af Aðalbjörgu?

Strákarnir voru sér og stelpurnar sér í handavinnu. Ert þú sammála því að hafa það svoleiðis? Af hverju? Rökstyddu svarið.

Hvað myndir þú smíða og sauma ef þú mættir velja eitt ákveðið verkefni í hvoru?

Föll nafnorða

Þarna hleypur **hundur** á túninu.
Mig langar að eignast **hund**.
Ég heyri gelt í **hundi**.
Maður kallar til **hunds**.



Hérna sjáum við orðið hundur ritað á fjóra vegu.
Nafnorð eru í fjórum föllum:

maður = nefnifall
mann = þolfall
manni = þágufall
manns = eignarfall

Föllin fjögur eru bæði til í eintölu og fleirtölu.

	eintala	fleirtala
nefnifall	hér er <i>gestur</i>	hér eru <i>gestir</i>
þolfall	um <i>gest</i>	um <i>gesti</i>
þágufall	frá <i>gesti</i>	frá <i>gestum</i>
eignarfall	til <i>gests</i>	til <i>gesta</i>

► Settu nú orðið *maður* inn í eyðurnar hér á eftir:

Hér er _____

Börnin tala um _____

Þau segja frá _____

Þau kalla til _____

► Taktu eftir orðunum **hér er**, **um**, **frá** og **til**.

Það er hægt að nota þau sem hjálparorð til að finna föllin.

Prófaðu að setja orðið *blað* inn á línumnar hérna fyrir neðan:

Hér er _____

um _____

frá _____

til _____

Fallbeyging

► Nú skaltu æfa þig í fallbeygingu.
Ljúktu við fallbeyginguna hér á eftir:

nf. hér er bátur



nf. hér er sög



þf. um bát

þf. um _____

þgf. frá báti

þgf. frá _____

ef. til báts

ef. til _____

nf. hér er stúlka



nf. hér er fjall



þf. um _____

þf. um _____

þgf. frá _____

þgf. frá _____

ef. til _____

ef. til _____

nf. hér er hani



nf. hér er borð



þf. um _____

þf. um _____

þgf. frá _____

þgf. frá _____

ef. til _____

ef. til _____

nf. hér er skál



nf. hér er hús



þf. um _____

þf. um _____

þgf. frá _____

þgf. frá _____

ef. til _____

ef. til _____

nf. hér er ljós



nf. hér er fugl



þf. um _____

þf. um _____

þgf. frá _____

þgf. frá _____

ef. til _____

ef. til _____

► Nú skalt þú skrifa rétt orð í eyðurnar:

nf. hér er _____

þf. um disk



þgf. frá _____

ef. til _____

nf. hér er _____

þf. um _____

þgf. frá vasa



nf. hér er _____

þf. um _____

þgf. frá _____

ef. til vonar



nf. hér er _____

þf. um _____

þgf. frá hesti



ef. til _____

nf. hér er _____

þf. um tösku



þgf. frá _____

ef. til _____

nf. hér er _____

þf. um _____

þgf. frá _____



ef. til slyss



► Hérna eru nokkur orð sem er erfitt að fallbeygja í eintölu og fleirtölu.
En reyndu samt að beygja þau.

sonur, kona, bróðir, bóndi

Nafnorð



Nú hefur þú lært heilmikið um nafnorð.
Nafnorð eru nöfn á einhverju.

Nafnorð skiptast í **sérnöfn** og **samnöfn**.

strákur = **samnafn**
Sigurður = **sérnafn**

Sigurður er
sérnafn.

Nafnorð eru til í **eintölu** og **fleirtölu**.

Einn strákur. Margir strákar.



Nafnorð bæta við sig greini.

Strákur strákurinn
Strákar strákarnir



Nafnorð eru til í **fjórum föllum**.

Nefnifall	hér er hestur	hér eru hestar
Polfall	um hest	um hesta
Págufall	frá hesti	frá hestum
Eignarfall	til hests	til hesta.



Nafnorð eru til í **þremur kynjum**.

Hann er maður. (karlkyn)
Hún er kona. (kvenkyn)
Það er barn. (hvorugkyn)



m MÉNNTAMÁLASTOFNUN
40162

